

RÁÐHÚS, BORGARBRAUT 14
310 BORGARNES
SÍMI 433 7100; FAX 433 7101
WWW.BORGARBYGGD.IS
BORGARBYGGD@BORGARBYGGD.IS



BORGARBYGGÐ

Alþingi
Erindi nr. Ö 138/133
komudagur 24.6.2010

Borgarnesi 24. júní 2010

Skrifstofa Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar í gær var svohljóðandi ályktun samþykkt samhljóða:

"Sveitarstjórn Borgarbyggðar ítrekar ályktanir fyrri sveitarstjórnar til Alþingis um að fram fari óháð úttekt á falli Sparisjóðs Mýrasýslu sem og öðrum sparisjóðum og minni bankastofnunum á Íslandi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar fer fram á að þingmannanefnd um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem skipuð var og Atli Gíslason fer fyrir, taki beiðni þessa til umfjöllunar. Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, bls. 24, bindi 1, að ekki hafi unnist tími til að taka vandamál sparisjóðakerfisins til umfjöllunar þótt þau hafi verðskuldað það og það sé undir Alþingi komið hvort þau verði tekin til sérstakrar rannsóknar.

Sparisjóður Mýrarsýslu var fyrsta bankastofnunin sem féll á Íslandi sumarið 2008.

Sparisjóðurinn var að fullu i eigu Borgarbyggðar, það er ekki ofmælt að fall sjóðsins var mikið áfall fyrir ibúa í Borgarbyggð.

Það er nauðsynlegt að skyra aðdraganda og ástæður þess að sparisjóðakerfið á Íslandi hrundi og hvort mistök eða vanræksla hafi orðið til þess að starfsemi sjóðanna hafi á einhvern hátt farið á skjön við lög og reglur um fjármálastarfsemi á Íslandi."

Pessari ályktun er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Ólafsson
skrifstofustjóri

